

## T1 - Tölt

1 knapi inn á vellinum í einu  
Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum á sama móti

### Forkeppni:

*Knapi stjórnar sjálfur, en atriðin þó sýnd í eftirfarandi röð:*

Hægt tölt svo snúið við

Hraðabreytingar á tölti

Greitt tölt

### Úrslit:

Hægt tölt upp á báðar hendur

Hraðabreytingar upp á báðar hendur

Greitt tölt upp á báðar hendur

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd.*

## T3 - Tölt

2 eða fleiri knapar keppa í einu  
Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum á sama móti  
Knapi velur upp á hvora hönd hann hefur keppni - raðað í holl eftir því.

Þulur stýrir forkeppni og úrslitum

### Forkeppni:

Hægt tölt svo snúið við

Hraðabreytingar á tölti

Greitt tölt

### Úrslit:

Hægt tölt og svo snúið við

Hraðabreytingar á tölti

Greitt tölt

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## T5 - Tölt

2 eða fleiri knapar keppa í einu (mest 5)  
Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum á sama móti  
Knapi velur upp á hvora hönd hann hefur keppni - raðað í holl eftir því.

Þulur stýrir forkeppni og úrslitum

### Forkeppni:

Hægt tölt svo snúið við

Hraðabreytingar á tölti

### Úrslit:

Hægt tölt og svo snúið við

Hraðabreytingar á tölti

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## T7 - Tölt

2 eða fleiri knapar keppa í einu (mest 5)  
Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum á sama móti  
Knapi velur upp á hvora hönd hann hefur keppni - raðað í holl eftir því.

Þulur stýrir forkeppni og úrslitum

### Forkeppni:

Hægt tölt svo snúið við

Frjáls ferð á tölti

### Úrslit:

Hægt tölt og svo snúið við

Frjáls ferð á tölti

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## T8 - Tölt

2 eða fleiri knapar keppa í einu (mest 5)  
Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum á sama móti  
Þulur stýrir forkeppni og úrslitum

### Forkeppni:

Frjáls ferð á tölti svo snúið við  
Frjáls ferð á tölti

### Úrslit:

Frjáls ferð á tölti svo snúið við  
Frjáls ferð á tölti

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd.*

## T2 - Slaktaumatölt

1 inn á vellinum í einu.  
Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum.  
Knapi má velja upp á hvora hönd hann hefur keppni

### Forkeppni:

Frjáls hraði á tölti  
Hægt tölt og **svo snúið við**  
Tölt við slakan taum

### Úrslit: - Þulur stýrir

Frjáls hraði á tölti  
Hægt tölt og **svo snúið við**  
Tölt við slakan taum

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## T4 - Slaktaumatölt

2-3 inn á vellinum í einu.  
Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum.  
Knapar velja upp á hvora hönd er hafið keppni - raðað í holl eftir því  
Þulur stýrir forkeppni og úrslitum.

### Forkeppni:

Frjáls hraði á tölti  
Hægt tölt og **svo snúið við**  
Tölt við slakan taum

### Úrslit:

Frjáls hraði á tölti  
Hægt tölt og **svo snúið við**  
Tölt við slakan taum

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## T6 - Slaktaumatölt

2-5 inn á vellinum í einu. Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum töltgreinum.  
Knapar velja upp á hvora hönd er hafið keppni - raðað í holl eftir því  
Þulur stýrir forkeppni og úrslitum.

### Forkeppni:

Hægt til milliferðar tölt, hægt niður og snúið við  
Tölt við slakan taum

### Úrslit:

Hægt til milliferðartölt, hægt niður og snúið við  
Tölt við slakan taum

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## V1 - Fjórgangur

1 inn á vellinum í einu og stýra sjálfir, mega sýna atriði í hvaða röð sem er. Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum. Knapi má velja upp á hvora hönd hann ríður forkeppni.

Forkeppni: - Sýna þarf eftirtalin atriði:

Hægt tölt - Brokk - Fet - Stökk - Greitt tölt

Úrslit - Þulur stýrir - atriðin sýnd í eftirfarandi röð:

Hægt tölt - Brokk - Fet - Stökk - Greitt tölt

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## V3 - Fjórgangur

2 eða fleir knapar inn á vellinum í einu. Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum. Knapi má velja upp á hvora hönd hann ríður forkeppni - raðað í holl eftir því.

Forkeppni: - Þulur stýrir bæði forkeppni og úrslitum - sýnt í eftirfr. röð:

Hægt til milliferðar tölt - brokk - fet - stökk - milliferðar til greitt tölt

Úrslit - Þulur stýrir - atriðin sýnd í eftirfarandi röð:

Hægt til milliferðar tölt - brokk - fet - stökk - milliferðar til greitt tölt

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## V2 - Fjórgangur

2 eða fleir knapar inn á vellinum í einu. Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum. Knapi má velja upp á hvora hönd hann ríður forkeppni - raðað í holl eftir því. Forkeppni: - Þulur stýrir bæði forkeppni og úrslitum - sýnt í eftirfarandi röð:

Hægt tölt - Brokk - Fet - Stökk - Greitt tölt

Úrslit:

Hægt tölt - Brokk - Fet - Stökk - Greitt tölt

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## V4 - Fjórgangur

2 eða fleir knapar inn á vellinum í einu. Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum. Knapi má velja upp á hvora hönd hann ríður forkeppni - raðað í holl eftir því.

Forkeppni: - Þulur stýrir bæði forkeppni og úrslitum - sýnt í eftirfr. röð:

Fet

Frjáls ferð á tölti

Gangskipting: fet > tölt / tölt > fet - einn knapi ríður í einu **Svo er snúið við !**

Hægt til milliferðar brokk

Gangskipting: fet/brokk/tölt > stökk / stökk > fet -- einn og einn knapi ríður í einu

Úrslit:

Alveg eins riðið og forkeppni

*Úrslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

*Hér skiptir ekki öllu máli hversu hágengur og skrefmikill hesturinn sé heldur er knapinn og ábendingar hans undir smásjá*

## V5 - Fjórgangur

1-5 knapar á vellinum í einu

Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum.

Knapi má velja upp á hvora hönd hann ríður forkeppni - raðað í holl eftir því.

Forkeppni: - *Pulur stýrir bæði forkeppni og úrslitum - sýnt í eftirfr. röð:*

Fjáls ferð á tölti - Hægt til milliferðar brokk - Fet - Stökk

Úrslit:

Fjáls ferð á tölti - Hægt til milliferðar brokk - Fet - Stökk

*Urslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## V6 - Fjórgangur

1-5 knapar á vellinum í einu

Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum.

Knapi má velja upp á hvora hönd hann ríður forkeppni - raðað í holl eftir því.

Forkeppni: - *Pulur stýrir bæði forkeppni og úrslitum - sýnt í eftirfr. röð:*

Fjáls ferð á tölti

Hægt til milliferðar brokk

Fet

Stökk: einn og einn knapi ríður í einu, fet/brokk/tölt yfir á stökk og svo hægt á fet.

Úrslit:

Alveg eins ríðið og forkeppni

*Urslit hefjast upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað - efsti knapinn hefur tvöfalt vægi.*

## F1 - Fimmgangur

1 inn á vellinum í einu og stýra sjálfir, mega sýna atriði í hvaða röð sem er. Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum. Knapi má velja upp á hvora hönd hann ríður forkeppni.

Forkeppni: - Sýna þarf eftirtalin atriði:

Tölt - Brokk - Fet - Stökk - Skeið

Úrslit: - Þurlur stýrir, atr.sýnd í eftirtalinni röð:

Tölt - Brokk - Fet - Stökk - 3 sprettir skeið (einn í einu)

*Úrslit eru riðin upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað, efsti knapi inn í úrslit hefur tvöfaldan atkvæðarétt.*

*Knapar koma sér einnig saman um hvaða langhlið sýna skal skeiðið - efsti knapi inn í úrslit hefur tvöfaldan atkvæðarétt.*

## F2 - Fimmgangur

2 eða fl. knapar keppa í einu.

Hestur í þessari grein má ekki keppa í öðrum 4gangs- eða 5gangsgreinum.

Knapi velur upp á hvora hend hann ríður og raðað er í holl eftir því.

Forkeppni: - Þulur stýrir bæði forkeppni og úrslitum - sýnt í eftirfr. röð:

Tölt

Brokk

Fet

Stökk

Skeið -- einn og einn knapi í einu - **sýna má 3 spretti annars 2.**

Úrslit: - Þulur stýrir og atr. Sýnd í eftirtalinni röð:

Tölt - Brokk - Fet - Stökk - 3 sprettir skeið (einn í einu)

*Úrslit eru riðin upp á vinstri hönd nema knapar komi sér saman um annað, efsti knapi inn í úrslit hefur tvöfaldan atkvæðarétt.*

*Knapar koma sér einnig saman um hvaða langhlið sýna skal skeiðið - efsti knapi inn í úrslit hefur tvöfaldan atkvæðarétt.*

## P1 250 m skeið

2-4 saman í riðli

Knapar merktir með mismunandi litum

2 sprettir = 1 umferð

1 sprettur - röðun dregin, 2.sprettur ræðst af tímatöku í 1 sprett (hægustu saman í riðil)

Má hafa 2 umferðir en þó EKKI sama daginn !!

## P3 150 m skeið

2-4 saman í riðli

Knapar merktir með mismunandi litum

2 sprettir = 1 umferð

1 sprettur - röðun dregin, 2 sprettur ræðst af tímatöku í 1 sprett (hægustu fyrst saman í riðli)

Má hafa 2 umferðir en þó EKKI sama daginn !!

## PP1 = Gæðingaskeið

Röðun knapa er dregin

**2 sprettir - sama röðun í báðum**

Ef knapi hlýtur 0 í einkunn frá öðrum eða þriðja dómara og/eða rautt flagg frá fimmta eða sjötta dómara þá hlítur knapi 0,0 í einkunn.

Ef knapi hlýtur 0,0 í einkunn frá þrem dómurum þá er knapa **útilokað** frá seinni sprett.

Uppröðun dómara:

- 1 dómari = niðurtaka (0-50 m)
- 2 dómari = fyrri skeiðkafla (50-100 m)
- 3 dómari = seinni skeiðkafla (100-150 m)
- 4 dómari = niðurhæging (150-200 m)
- 5 dómari stendur með flagg á 50 m línunni
- 6 dómari stendur með flagg á 150 m línunni

## PP2 = Gæðingaskeið

Röðun knapa er dregin

**3 sprettir - sama röðun í öllum !!!**

Ef knapi hlýtur 0 í einkunn frá öðrum eða þriðja dómara og/eða rautt flagg frá fimmta eða sjötta dómara þá hlítur knapi 0,0 í einkunn.

**Knapa er ekki útilokað frá seinni sprettum eins og í PP1 ef hann fær þrjú núll!!!!**

Uppröðun dómara:

- 1 dómari = niðurtaka (0-50 m)
- 2 dómari = fyrri skeiðkafla (50-100 m)
- 3 dómari = seinni skeiðkafla (100-150 m)
- 4 dómari = niðurhæging (150-200 m)
- 5 dómari stendur með flagg á 50 m línunni
- 6 dómari stendur með flagg á 150 m línunni

## P2 100 m fljúgandi skeið

Rásröð degin fyrir fyrsta sprett

Rásröð fyrir annan sprett ræðst af tíma úr fyrri sprett - hægsti fer fyrstur.